

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
Umhverfis- og auðlindabraut
Verkefnisstjóri Eyjólfur Guðmundsson
No. 93. 2012-2013

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Fjölbautaskóli Snæfellinga og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafelssýslu áfórum með ósambærilegum upplifum á fjarnám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindfræði. Lögð verður áhersla á að nemendur skoði sitt nærumhverfi út frá fræðilegum grunni og setji það síðan í alþjóðlegt samhengi. Markmiðið er einnig að efla samstarfi þessara fjögurra skóla á landsbyggðinni.

Leiðir að markmiði, frávik, hindranir og ávinningur

Veturinn 2011-2012 var unnið að því að skrifa brautalýsingar og áfangalýsingar fyrir umhverfis- og auðlindabraut. Því starfi lauk að mestu í lok febrúar 2012 þegar umsókn um tilraunakennslu var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Jákvætt svar barst frá ráðuneytinu seinnipart maí og styrksamningur varð gerður við Sprotasjóð í júní sama ár.

Í styrkumsókninni til Sprotasjóðs var gert ráð fyrir fjórum verkþáttum. Fyrsti verkþátturinn var ráðning verkefnisstjóra. Um vorið var auglýst innan skólanna og í kjölfarið ráðinn verkefnastjóri úr Menntaskólanum á Tröllaskaga sem hóf þegar störf. Starf verkefnisstjóra var einkum fólgjð í umsjón með vef Fjarmenntaskólans, viðtölum við umsækjendur, umsjón með vali nemenda og samskiptum við stjórnendur þáttökuskólanna.

Annar verkþáttur var kennarafundir. Í ágúst var haldinn fundur í Menntaskólanum á Tröllaskaga um skipulag og framkvæmd verkefnisins. Á fundinum voru skólameistarar skólanna fjögurra, verkefnisstjóri og þeir kennarar sem tök höfðu á, en vert er að geta þess að fundurinn var haldinn áður en má samkvæmt kjarasamningi kalla kennara til vinnu. Á fundinum var farið yfir skipulag kennslu og umsjónar með nemendum. Hver nemandi fékk einn af skólunum sem heimaskóla og sá skóli hélt utan um nám nemandans bæði í þeim áföngum sem voru kenndir í viðkomandi skóla og einnig öðrum áföngum sem nemandinn var í. Ekki náðist með viðunandi hætti að tengja kennara brautarinnar saman sem heild. Verkefnisstjóri ræddi við hvern kennara og þeir áttu einnig samskipti sín á milli en umfang þeirra samskipta dugði ekki til að skapa kennarastofu á netinu eins og til stóð og gert var ráð fyrir í umsókninni. Verkefnisstjórinn fór einnig í heimsókn í FAS sem hann hafið ekki tengsl við og þekking á frá fyrri tíð.

Priðji verkþátturinn var tilraunakennsla á þeim áföngum sem í boði voru. Sérhæfðir áfangar brautarinnar eru 16 og var þeim raðað þannig niður að þeir væru allir í boði í það minnst annað hver ár og byrjunaráfangar sérhæfingar á hverju ári. Á haustönn voru þrír sérhæfðir áfangar í boði og aðrir þrír á vorönn. Á haustönn 2013 eru svo sjö sérhæfðir áfangar í borði og sex á vorönn 2014. Kennsla í þessum áföngum gekk almennt vel en í nokkrum áföngum voru nemendur of fáir til að standa undir kostnaði við þá. Alls voru níu almennir áfangar í boði á brautinni á haustönn og einnig á vorönn en ekki reyndist næg eftirspurn til að halda þeim úti í fjarkennslu nema í einum áfanga.

Fjórði verkþátturinn var mat og skýrsla. Síðasta haust voru viðtöl í fjölmálium við verkefnisstjóra og skólameistara. Í umfjöllun og í kynningarmálum svo sem í fréttatímungili ávefsíðum skóanna hefur verið fjallað um verkefnið og þessi skýrsla er einnig hluti af mati á verkefninu.

Auk þessara fjögurra verkþáttta var markmiðið að efla samstarf skólanna fjögurra. Skólameistarar skólanna hafa fundað reglulega nýliðinn vetur og samstarfið hefur gengið mjög vel. Gerður var formlegur samningur á milli skólanna og sótt um til ráðuneytisins að halda áfram kennslu á brautinni veturinn 2013-2014. Það leyfi hefur fengist.

Áviningur, mat og niðurstöður

Í stórum dráttum þá gekk verkefnið vel. Helstu frávik eru þau að ekki tókst nægjanlega vel að tengja kennara brautarinnar saman og helsta hindrunin var sú að ekki náðist nægur

fjöldi nemenda til að kennslan stæði undir sér þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt í auglýsingar og kynningu á námsbrautinni.

Helsti ávinningur verkefnisins er innhaldsríkt og mikið samstarf skólanna fjögurra sem meðal annars leiddi til þess að námsframboð Fjarmenntaskólans var aukið úr því að vera ein braut upp í það að bjóða upp á 15 brautir næsta vetur jafnframt því sem samstarfsskólunum var fjölgað úr fjórum í sjö.

Verkefnið mun ef af líkum lætur hafa veruleg varanleg áhrif á skipulag, vöxt og viðgang þáttökuskólanna og einnig þriggja annarra framhaldsskóla. Ekki er ólíklegt að Fjarmenntaskólinn verði samstarfsvettvangur fyrir enn fleiri skóla í náinni framtíð; um almennt bóklegt nám, styttri námsbrautir og ekki síst um starfsnám.


Kynning á afrakstri

Sagt verður frá verkefninu á vefsíðum skólanna og þessi skýrsla birt á vef Fjarmenntaskólans. Í almennri umfjöllun og kynningu á skólunum verður fjallað um verkefnið þegar við á.

Rekstrarreikningur

Laun	2.328.969 kr.
Auglýsingar	335.966 kr.
Ferðakostnaður	112.189 kr.
Alls	2.777.124 kr.

12.6. 2013



Eyjólfur Guðmundsson verkefnisstjóri (í umsókn) og skólameistari ábyrgðarskóla

